

Stjórnarfundur 5 þriðjudaginn 3. júlí 2018 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Andri Hnikarr Jónsson. Stefán Jóhannesson Svandís Þorsteinsdóttir í síma.

Afboð og mættu ekki; Árni Jón Eggertsson, , Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og, Kristín Hálfánardóttir.

Dagskrá

- EM Undirbúningur
- Næsta keppnistímabil
- Heimasíða
- Starfsmannamál
- Ítalíuheimsókn
- Önnur mál

Fundargerð

EM undirbúningur. Undirbúningsnefnd fyrir EM hefur fundað um markaðs- og kynningarmál. Áhersla verður lögð á að nota samfélagsmiðlana sem best í því sambandi. Útsendingar í sjónvarpi eru í athugun. Til vara verður talað við SportTv.

Búið er að ganga frá hótélbókunum, starfsmönnum og móttöku liðanna. Töluverðir flutningar verða á milli hótela, keppnisstaða og á matstað.

Næsta keppnistímabil. Fjöldi keppnisiða verður sá sami og á síðasta tímabili. Mótanefnd mun leysa úr fyrirkomulagi úrslitakeppninnar.

Heimasíða. Vinna er hafin við að endurnýja heimasíðuna og færa hana til nútímahorfs eins og það var orðað. Stefnt er að því að opna nýja heimasíðu í lok september. Kynnt var hugmynd að nýju merki sambandsins.

Starfsmannamál. Ákveðið var að auglýsa eftir aðila í 100% starf í stað AHJ sem mun láta af störfum í lok ágúst. Áhugi er á því að halda áfram samstarfi við UMSK.

Ítalíuheimsókn. Fyrirhugað er að 14 leikmenn ásamt fylgdarfólki frá Ítalíu komi í heimsókn 4.-11. september. Það þarf að finna aðila sem getur tekið að sér verkefnið og fósrað það.

Önnur mál. Breytingar hafa orðið á skipan landsliðsnefndar. Búið er að teikna upp æfingaáætlun fyrir U 17 og U 19 liðin og það verður gefið út sem fyrst.

Vonast er til þess að Daniele komi og verði yfirþjálfari í hæfileikabúðunum sem verða haldnar um miðjan ágúst. Rætt var um að allir þjálfarar yngri flokka ættu að mæta með sínum liðum í búðirnar.

Slóvensk kona kom á skrifstofuna ekki alls fyrir löngu og bauð fram krafta sína í dómgæslu. Því var vel tekið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 17.30

Fundargerð ritaði Jason Ívarsson